

SVÓT greining

Staðan í dag:

Almennt vantar sterkari aðkomu ríkisins á svæðið. Bæta þarf helstu innviði s.s. vegsamgöngur, raforku og aðgang að interneti. Mikill skortur er á að ríkið taki ákvarðanir og ákvörðunarleysi farið að hafa neikvæð áhrif á svæðið. Það vantar alla langtímastefnu t.d. varðandi jarðgögn og Baldur (ferjur). Mörk stjórnsýslustofnana eru óskýr og þjónusta ríkisins mætti vera töluvert betri.

Jákvæð uppbygging í tengslum við fiskeldi en á sama tíma er óvissa og stefnuleysi í málaflokknum og innviðaupbygging á svæðinu ekki haldist í hendur við uppbyggingu fiskeldis sem atvinnugreinar. Það hefur orðið til þess að svæðið á í hættu á að þróast út í að vera verbúðarsvæði í stað þess að hér vaxi blómleg byggð. Einnig vantar töluvert betri heilbrigðisþjónustu á svæðið.

Hverjir eru helstu styrkleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

- Uppbygging fiskeldis á svæðinu
- Nýtt strandsvæðisskipulag
- Stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga
- Tækifæri að fá aukið eftirlit með fiskeldi á svæðið (störf)
- Störf án staðsetningar hjá ríkinu skapar tækifæri
- Stofnun þjóðgarðs og friðlýsing Látrabjargs
- Bættar samgöngur auka fjölbreyti í atvinnulífi s.s. ferðaþjónustu
- Tækifæri til að byggja upp öflugri hafnarstarfsemi
- Breyta svæðinu í eitt atvinnusóknarsvæði
- Tryggja eðlilegar tekjur sveitarfélagsins af fiskeldi

Hverjir eru helstu veikleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

- Skortur á góðu netsambandi
- Hert að fjárbúskap
- Vantar 3ja fasa rafmagn
- Lélegar samgöngur og ómarkvissar, ef einhverjar, vegafframkvæmdir
- Vantar langtímastefnu um Baldur
- Óskýr mörk stjórnsýslustofnana
- Miklar kröfur frá ríkinu á sveitarfélög
- Óljóst framtíðarumhverfi fiskeldis
- Ómarkviss stuðningur með nýsköpun og ferðaþjónustu á svæðinu
- Ósamstaða í málefnum sveitarfélaga
- Verkefni sveitarfélaga verða sífellt erfiðari og fjárfrekari vegna krafna ríkisins
- Vantar betri heilbrigðisþjónustu, t.d. skólahjúkrunarfræðing og heimahjúkrun sem dæmi
- Jöfnunarsjóður og ófyrirsjáanleiki á framlögum
- Óviðunandi hraði í uppbyggingu ofanflóðavarna kemur í veg fyrir uppbyggingu að öðru leyti
- Fækkun skrifstofustarfa og opinberra starfa
- Að hið opinbera dragi úr stuðningi og þjónustu (sýslumaður, heilbrigðisstofnanir o.fl.)

Hverjir eru helstu ógnanir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

- Einsleit atvinnustarfsemi á svæðinu
- Dýrt að byggja upp húsnæði
- Einsleitni í störfum
- Stríð er veldur ólgu á mörkuðum og auknum hráefniskostnaði
- Aukin verðbólga og hækkun stýrivaxta
- Ef ekki tekst að koma í veg fyrir verbúðarmyndun (viljum blómlegt samfélag)
- Lítið framboð húsnæðis

Hverjir eru helstu tækifæri Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

- Mikil tækifæri í ferðaþjónustu – sérstaklega ef það koma gögn og hægt er að vera með heilsárs ferðaþjónustu
- Samstarf við HMS, óhagnaðardrifin leigufélög og fleiri aðila varðandi uppbyggingu fasteigna
- Strandsiglingar
- Aukin stefnumótun með Vestfjarðastofu
- Aukin styrking fiskeldis á svæðinu

Framtíðarsýn í málaflokknum

Hver er framtíðarsýn í málaflokknum?

1. **Jarðgöng og innviðir**, samgöngur og samskipti
2. **Bætt heilbrigðisþjónusta.**
3. **Innviðaskuld verði greidd**
4. **Nýjar atvinnugreinar**, nýsköpun, fjölbreytt störf, fullvinnsla
5. **Fjölbreyttari búsetukostir**, nægt íbúðarhúsnæði
6. **Sátt og samlyndi og framtíðarsýn í fiskeldi og lagareldi skýr**
7. **Öflugar sjávertengdar rannsóknir**, menntun
8. **Sumar allt árið í ferðaþjónustu**, stefnumótun, fjölbreytileiki og framtíðarsýn
9. **Jákvæð ímynd og vellíðan samfélagsins**